

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um ferðaþjónustu á Íslandi.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hvert hefur hlutfall ferðaþjónustu verið af vergri landsframleiðslu á tímabilinu 1998–2003? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.
2. Hversu stórt hlutfall af gjaldeyrstekjum þjóðarinnar hefur mátt rekja til ferðaþjónustu á sama tímabili? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.
3. Hvert hefur verið hlutfall ferðaþjónustunnar í innlendri verðmætasköpun á sama tímabili? Í svarinu er óskað eftir samanburði við sjávarútveg og orkufrekan iðnað.
4. Hefur farið fram faglegur samanburður á starfsskilyrðum ferðaþjónustunnar á Íslandi og í nágrennalöndum okkar?
5. Hvernig er háttað rannsóknnum á bættu rekstrarumhverfi greinarinnar?
6. Hafa verið kannaðir möguleikar á að endurskoða skilgreiningu ferðaþjónustunnar í þjóðhagsútreikningum svo að auðveldara verði að finna út raunverulegt umfang greinarinnar?

Skriflegt svar óskast.